

Fimmtudaginn 23. janúar 1997.

Nr. 33/1996.

**Einar Einarsson**

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

**Þrotabúi Vilhjálms Húnfjörð Vilhjálmssonar**

**Vilhjálmí Húnfjörð Vilhjálmsyni**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

**og Vegagerðinni**

(Sveinn Snorrason hrl.)

Verksamningur. Dagsektir.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1996. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að stefndu þrotabúi Vilhjálms Húnfjörð Vilhjálmssonar og Vilhjálmur Húnfjörð Vilhjálmsson verði dæmdir til að greiða áfrýjanda skuld, að fjárhæð 1.148.327 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. nóvember 1994 til greiðsludags.
2. Að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða áfrýjanda 6.117.063 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 28. mars 1995 til greiðsludags.
3. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu þrotabúi Vilhjálms Húnfjörð Vilhjálmssonar og Vilhjálmur Húnfjörð Vilhjálmsson krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Vegagerðin krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við málflutning fyrir Hæstarétti féll áfrýjandi frá kröfu sinni samkvæmt 3. tölulið kröfugerðar í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt nýtt skjal, sem er útskrift úr gjaldprotaskrá Héraðsdóms Reykjavíkur.

Hinn áfrýjaða dóm skipuðu embættisdómari ásamt tveimur sérfróðum meðdómsmönnum.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sýknu stefnda Vegagerðarinnar og greiðslu málskostnaðar honum til handa.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að reikningskrafa áfrýjanda samkvæmt 1. tölulið sé lítið reifuð. Þá hefði þurft að hafa uppi athugasemdir við aðalverktakann Vilhjálmmur vegna aukaverka við sandblástur strax á verktímanum, svo að mögulegt væri að staðreyrna þau. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann varðandi þennan lið.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakið, hvernig samkomulag komst á 30. desember 1994 milli Vegagerðarinnar og aðalverktakans um bætur til verktaka vegna ákvörðunar um bann verkkaupa við næturvinnu, og er ekki annað fram komið en áfrýjandi hafi einnig samþykkt þessa fjárhæð. Áður höfðu honum verið greiddar 700.000 krónur vegna kröfu hans, þá að fjárhæð 1.200.000 krónur, um aukaverk, sem stöfuðu af eldhúð á hnoðum. Samkomulag hafði ekki tekist um þessa kröfu, og hafði eftirlitsmaður úrskurðað um hana. Verða frekari kröfur ekki hafðar uppi um þessi aukaverk, sbr. 33. kafla ÍST-30 með sérskilmálum Vegagerðarinnar, sem gildi samkvæmt aðalverk-samningi, en áfrýjandi sat verkfundi og fékk strax tilkynningu um þessa niðurstöðu. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann um það, að sú fjárhæð, sem um samdist á fundinum 30. desember 1994, skuli renna til áfrýjanda. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að stefndi Vilhjálmmur Húnfjörð hafi sem aðalverktaki kvartað við áfrýjanda sem undirverktaka um seinagang verksins eða varað hann við dagsektum. Dagsektir virðast ekkert hafa verið til umfjöllunar á fundinum 30. desember 1994. Stefndi Vilhjálmmur Húnfjörð samdi einn við stefnda Vegagerðina um dagsektir. Verður áfrýjandi ekki talinn bundinn við þann samning. Ber því að hafna úrlausn héraðsdóms um dagsektagreiðslu hans. Að öðru leyti er dómurinn staðfestur um 2. lið í kröfugerð áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms, 4., 6. og 7. töluliðar, ber að staðfesta dóminn, að því er þá varðar.

Niðurstaða dómsins verður því, að fjárhæð sú, sem stefndi Vilhjálmmur Húnfjörð skal greiða áfrýjanda, hækkar um 249.319 krónur. Staðfesting kyrrsetningar, sem gerð var af sýslumanninum í Kópa-

vogi 29. mars 1995, er ekki til meðferðar fyrir Hæstarétti. Að öðru leyti er hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda Vegagerðinni málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Málskostnaður fellur niður að öðru leyti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, að því er varðar stefnda Vegagerðina.

Stefndi Vilhjálmur Húnfjörð Vilhjálmsson greiði áfrýjanda, Einari Einarssyni, 2.528.724 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 215.874 krónum frá 19. febrúar 1995 til 28. apríl 1995, en af 2.528.724 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda Vegagerðinni 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Annar málskostnaður fellur niður.

Dómur þessi á hendur stefnda Vilhjálmi Húnfjörð er bindandi fyrir stefnda þrotabú hans.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjaness 17. október 1995.**

Stefnandi máls þessa er Einar Einarsson, kt. 041154-2419, vegna einkafyrirtækis síns, Sandtaks, með starfsstöð á Dalvegi 2, Kópavogi. Upphaflega var stefnt Vilhjálmi Húnfjörð Vilhjálmsyni, kt. 230962-3169, Borgarholtsbraut 61, Kópavogi, og Vegagerðinni, kt. 680269-2899, Borgartúni 5, Reykjavík. Málið er höfðað með réttarstefnu, út gefinni 5. apríl 1995. Hún er árituð um birtingu af umboðsmönnum stefndu án dagsetningar, og telst málið höfðað við þingfestingu 18. apríl 1995. Það var tekið til dóms 25. september sl. að lokinni aðalmeðferð.

Bú stefnda Vilhjálms Húnfjörð Vilhjálmssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júlí 1995. Tók þrotabú hans þá við aðild að máli þessu. Í fyrsta þinghaldi eftir gjaldþrotauúrskurðinn, fyrir aðalmeðferð, var lýst yfir því af hálfu stefnanda, að hann krefðist dóms bæði á hendur þrotabúinu og þrotamanni, sbr. lokamálslið 23. gr. laga nr. 91/1991.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Hann krefst þess, að stefndu Vilhjálmur Húnfjörð og þrotabú hans verði dæmdir til að greiða stefnanda 1.148.327 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 8. nóvember 1994 til greiðsludags.

2. Stefnandi krefst þess, að stefndu allir verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 6.117.063 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 28. mars 1995 til greiðsludags.

3. Þá krefst stefnandi staðfestingar á kyrrsetningargerð, sem stefnandi fékk lagt á hjá sýslumanninum í Kópavogi miðvikudaginn 29. mars 1995. Kyrrsett var greiðsla frá stefnda Vegagerðinni til stefnda Vilhjálms Húnfjörð, að fjárhæð 1.814.217 kr., en greiðsla þessi var til útborgunar.

4. Enn krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér málskostnað að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæð án virðisaukaskatts dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Dómkröfur stefndu Vilhjálms Húnfjörð og þrotabús hans eru hinar sömu:

1. Þeir krefjast þess aðallega, að þeir verði alsýknaðir af kröfum stefnanda,

2. en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

3. Þá krefjast þeir þess, að kyrrsetningargerð frá 29. mars 1995 verði felld úr gildi.

4. Enn fremur krefjast þeir miskabóta, að fjárhæð 200.000 kr., úr hendi stefnanda vegna ólögðrtrar kyrrsetningar.

5. Að lokum krefjast þeir þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað auk virðisaukaskatts og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti.

Stefndi Vegagerðin krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst hann þess, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Í stefnu er málavöxtum, málsástæðum og lagarökum lýst í einum og sama kafla. Málavöxtum er svo lýst: Stefndi Vilhjálmur var verktaki að ryðhreinsun og málun Ölfusárbrúar við Selfoss sumarið 1994. Verkkaupi var stefndi Vegagerðin. Stefnandi var undirverktaki og hafði með höndum ryðhreinsun með sandblæstri samkvæmt samningi við stefnda Vilhjálm Húnfjörð. Samningur þessi er gerður í júní 1994. Hann er ódagsettur, en upplýst er, að hann var undirritaður mjög fljótt, eftir að stefndi Vegagerðin og

stefndi Vilhjálmur undirrituðu sinn verksamning 7. júní. Verkið var unnið samkvæmt útboðsgögnum, tímasettum í apríl 1994.

Síðan segir í stefnu:

„Stefnandi vann að sínum verkþætti og laut eftirliti og fyrir mælum um framkvæmd verksins af hálfu eftirlitsmanns stefnda Vegagerðarinnar. Verkið var unnið frá því í júní 1994, og lauk þætti stefnanda að verkinu í septemberlok. Var verkþáttur stefnanda tekinn út af eftirlitsmanni, sem taldi verkið unnið í samræmi við þær kröfur, er verklýsing gerði.

Skv. verksamningi stefnanda og stefnda [Vilhjálm], dags. í júní 1994, tók verkefni stefnanda einungis til þess verkþáttar, er laut að sandblæstri. Þar sem stefndi Vilhjálmur var mjög vanbúinn til verksins, varð stefnandi að leggja stefnda til verksins ýmis tæki og búnað, t. d. lyftubíl, verkfæri, kaffistofu o. þ. h. Við framkvæmd verksins varð stefndi Vilhjálmur, sem sá um málun, að mála strax eftir sandblástur. Stundum urðu tafir á, að stefndi málaði, t. d. vegna loftraka, og varð stefnandi þá að endurblása, en fyrir þá endurvinnslu eru ekki hafðar uppi kröfur. Þá varð enn fremur að endurblása nokkurn hluta verksins, þar sem málun fórst fyrir eða var svo illa af hendi leyst, að eftirlitsaðili krafðist endurvinnslu. Til þessa aukablásturs var varið samtals 26 tímum skv. yfirliti.

Fyrir þessi aukaverk sín gerði stefnandi reikning 8. nóvember 1994, samtals að fjárhæð 1.148.327 kr. Þessi reikningur var strax sendur stefnda Vilhjálmi ásamt sundurliðun. Þessi reikningur hefur ekki sætt andmælum stefnda Vilhjálms, hvorki efnislega né tölulega eða fengist greiddur.

Við framkvæmd verksins komu í ljós veruleg frávik frá útboðsgögnum, sem gerðu flóknari þá verkþætti, er stefnandi hafði á hendi, svo að til verksins varð að nota miklu fleiri tíma en áætlun ráðgerði. Stefnandi hefur um árábil haft á hendi umfangsmikla þjónustu við sandblástur og hefur á þessu verksviði mikla reynslu og nýtur mikils trausts. Stefnandi er því mjög vanur að áætla nauðsynlegan tíma til þesslegrar verktöku og hér var unnið að.

Stefndi Vegagerðin takmarkaði einhliða verulega vinnutíma stefnanda umfram útboðslýsingu með því að banna, að unnið væri við sandblástur um nætur vegna ónæðis. Við sandblástur kom í ljós, að hnoð á grind og víðar á hengibrú var [svo] eldhnoð, en þess var ekki getið í útboðslýsingu og/enda ekki við því búist. Þessi frágangur á grind leiddi til þess, að verkefnið varð miklu umfangsmeira og tafsamara, þar sem vinna varð að sandblæstri með annars konar „spíssum“, minni, og minnkuðu afköst því verulega.

Stefnandi kynnti á verkfundum með stefndu, að hann hefði uppi kröfur vegna framan talinna frávika, sem höfðu mikinn aukakostnað í för með sér, þar sem verkið bæði tafðist og varð flóknara. Eftirlitsmaður með verkinu af

hálfu stefnda Vegagerðarinnar var Pétur Sigurðsson verkfr. Á verktímanum voru haldnir reglulegir verkfundir, og sat stefnandi þá, enda boðaður til þeirra. Eftirlitsmaður sendi frá sér á verktímanum reglulega formlegar orðsendingar.

Stefnandi hafði strax uppi athugasemdir við Vegagerðina og stefnda [Vilhjálm] um atriði, er vörðuðu frávik frá útboðslýsingu, og áskildi sér greiðslur fyrir þær.

Með bréfi, dags. 17. október 1994, til Vegagerðarinnar, sendu með vitund og samþykki stefnda Vilhjálms, gerði stefnandi ýtarlega grein fyrir þeim aukakostnaði, sem hann hafði af framkvæmd verksins vegna breytinga frá verklýsingu.

Í bréfi stefnanda er rökstutt, að eldhúð á grindarhnoðum hafi leitt til þess, að til verksins hafi þurft 138 klst. umfram verkáætlun. Í tilboðsverði er reiknuð klst. á 26.550 kr., og nam aukakostnaður á tilboðsverði 138 á klst.  $\times$  26.500 [svo í stefnu, á að vera 26.550] = 3.663.900 kr. Stefnandi reisir kröfur sínar hins vegar á reikningsvinnu, sem er 18.411 kr. á klst.  $\times$  138 klst. = 2.540.718 kr. Stefndi Vegagerðin hefur einhliða samþykkt og greitt 700.000 kr.

Skv. útboðsgögnum var ráð fyrir því gert, að brúin væri lokuð fyrir umferð frá kl. 22.00–6.00 í 20 nætur. Þessu ákvæði var breytt einhliða af Vegagerðinni, sem leiddi aftur af sér, að til verksins varð stefnandi að verja samtals 291 klst. í stað 180 klst., eins og verkáætlun gerði ráð fyrir, þ. e. 111 klst. umfram áætlaðan tíma. Stefnandi varð að leggja til verksins tvö daggengi, sem leiddi til þess, að kostn. á klst. af tveimur gengjum nam 31.294 krónum og mismunur á áætlun og raunkostnaði því 4.362.561 kr.

Krafa stefnanda vegna aukaverka nemur	kr.	6.903.279
– innborgun	–	700.000
	kr.	6.203.279

Við frágang reiknings hefur stefnandi misreiknað sig til lækkunar um 86.216 kr. og hefur ekki uppi kröfu um greiðslu þeirrar fjárhæðar.

Vegagerðin hafði gögn stefnanda til skoðunar, og skrifaði Baldvin Einarsson verkfræðingur, starfsmaður Vegagerðarinnar, greinargerð um málið, dags. 12. 12. 1994. Þar er viðurkennt, að stefnandi eigi rétt til aukagreiðslna sökum aukins umfangs verksins vegna fráviks frá útboðslýsingu. Vegagerðin bauð síðar að greiða 2.312.850 kr. vegna aukaverka þeirra, sem stefnandi hafði á hendi, þ. e. sandblásturs.

Stefnandi hafði í viðræðum við stefndu fyrir sitt leyti lýst sig reiðubúinn að ljúka málinu á þesslegum grundvelli, enda gengi fjárhæðin óskipt og beint til stefnanda.

Með því að stefndi Vilhjálmur gerði einhliða reikning og framvísaði til Vegagerðarinnar án vitundar stefnanda, var um brot að ræða á ætluðu samkomulagi, og var stefnandi því óbundinn af því, og var nauðsynlegt að fá kyrrsetta þá greiðslu, sem stefndi Vilhjálmur kallaði eftir til þess að tryggja hagsmuni sína [svo]. Með kyrrsetningargerð 29. mars sl. kl. 16.00 kyrrsetti sýslumaðurinn í Kópavogi greiðslu samkvæmt reikningi, sem stefndi Vilhjálmur hafði lagt inn hjá meðstefnda, og er krafist staðfestingar dómsins á þeirri kyrrsetningargerð. Til tryggingar framgangi gerðarinnar lagði stefnandi fram sem tryggingu 250.000 kr.

Stefnandi reisir kröfur sínar á tveimur reikningum, sem liggja frammi í dskj. ... [tilgreindir í stefnu, sjá síðar].

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á ákv. samningalaga nr. 7/1936, lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922 og ákv. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990.

Vaxtakröfur eru reistar á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Um málskostnað kveðst stefnandi vísa til 129. gr. og 130. gr. l. nr. 91/1991 og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988.“

#### *Nánar um stefnukröfu á hendur þrotabúi og þrotamanni.*

Krafa stefnanda, að fjárhæð 1.148.327 kr., á hendur stefndu þrotabúi Vilhjálms Húnfjörð Vilhjálmssonar og þrotamanni er samkvæmt fram lögðum reikningi, dagsettum 8. nóvember 1994. Honum fylgir sundurliðun reikningsfjárhæðar, sem ber yfirskriftina „Aukaverk fyrir Vilhjálms Húnfjörð og ýmis kostnaður, útlagður fyrir vinnuflokk hans á Selfossi 1994.“ Meginmál er þannig:

„Aukasandblástur á hengibrú milli stöpla. Ýmist blásið, vegna þess að enginn var við, þegar átti að grunna, eða samkvæmt beiðni eftirlitsmanns. Ekki er tekið tillit til aukablásturs vegna raka eða rigningar. Ekki er tekið tillit til aukablásturs á landbrú eða tafa vegna lyftubúnaðar.

13.7. 0,50 – 26.7. 1,00 – 28.7. 1,00 – 2.8. 3,50 – 9.8. 3,00 – 10.8. 0,50 – 12.8. 5,50 – 19.8. 1,00 – 14.9. 1,50 – 27.9. 5,50 – 1.10. 3,00

Samtals 26,00 tímar á 18.320 kr.,	samtals kr.	476.320
Leiga á lyftubíl frá 10. 9.–17. 10.		
36 dagar á 10.000 kr.,	samtals –	360.000
Þrif á vinnuskúr (0,5 klst., 60 dagar, 2.415 kr.)	–	72.450
Kaffistofa (5 manns, 60 dagar, 300 kr.)	–	18.000
Stjórnloki á lyftubúnaði	–	20.683
Verkfæri (lyklar, tangir o. fl.)	–	15.000

Málun á vinnuskúr	–	30.000
Málun á IÖ-421	–	60.000
Málun á lyftubíl (50%)	–	80.000
Sóttur vinnuskúr	–	15.874
Samtals útlagður kostnaður	kr.	1.148.327 <sup>44</sup>

Í stefnu segir um aðild stefndu Vegagerðarinnar, að hún sé óvefengjanleg. Frávik frá útboðslýsingu hafi leitt til þess, að eftirlitsmenn og starfsmenn Vegagerðarinnar hafi snúið sér beint til stefnanda um framkvæmd þeirra verkþátta, er undir hann féllu. Stefnandi hafi lotið beinu eftirliti eftirlitsmanna, verið boðaður til verkfunda og auk þess öllum málskjöllum beint til hans. Stefnandi hafi mátt treysta því, að hann gæti haft uppi kröfur á hendur Vegagerðinni. Verksamningur stefnanda, sem henni hafi verið kunnugt um, hafi geymt stefnanda rétt til að sækja greiðslur beint til stefndu Vegagerðarinnar.

Í greinargerð stefnda Vilhjálms Húnfjörð Vilhjálmssonar, sem stefnda þrotabú hans byggir einnig á, segir í kafla um málavexti, að í samningi milli stefnanda sem undirverktaka og stefnda Vilhjálms hafi verið vísað til útboðs og verklýsingar og tilboðsskrár stefndu Vegagerðarinnar, tímasettra í apríl 1994.

Samkvæmt samningi aðilanna hafi stefnandi átt að fá greiddar 10.176 kr. fyrir verk sitt. Til hafi staðið, að hann fengi greiðslur beint frá stefndu Vegagerðinni [um það eru ákvæði í samningi stefnanda og stefnda Vilhjálms], en af því hafi ekki getað orðið, og hafi stefnandi verið sáttur við það. Hafi hann engar athugasemdir gert við þær greiðslur, sem honum hafi borist snurðulaust frá stefnda Vilhjálmi.

Í greinargerðinni er síðan fjallað um flesta þá liði, sem raktir eru í sundurliðun með reikningi stefnanda, dags. 8. nóvember 1994, að fjárhæð 1.148.327 kr.

*Leiga á lyftubíl.* Engin gögn hafi verið lögð fram til að sanna þessa leigu. Krafan sé vanreifuð. Ef stefnandi hafi leigt þennan lyftubíl, hafi það einungis verið honum sjálfum til hagsbóta, þar sem hann hafi verið langt á eftir áætlun með verkið. Stefndi hafnar kröfunni.

*Prif á vinnuskúr.* Vinnuskúr sá, er hér um ræðir, hafi verið á vegum stefnanda og notaður af mönnum hans og fluttur á vinnustað af þeim. Aðilar hafi engan samning gert um skúr þennan, og hafni stefndi kröfunni.

*Kaffistofa.* Í greinargerðinni segir, að stefndi skilji ekki þessa kröfu. Hann kannist ekki við neinn samning um kaffistofu eða að nokkur krafa hafi stofnast á hendur sér vegna hennar.

*Stjórnloki á lyftubúnaði.* Stefndi kannast við, að menn sínir hafi skemmt stjórnloka, en þeir hafi gert við hann. Stefndi mótmælir þessum kröfulið sem röngum eða vanreifuðum, þar sem engin gögn séu lögð fram um tjónið. Hann mótmælir kröfunni einnig af þeirri ástæðu, að um skaðabótakröfu ætti að vera að ræða, en í stefnu sé ekki vísað til skaðabótalaga, einungis samningalaga og laga um lausafjárkaup.

*Verkfæri.* Stefndi kannast ekki við kröfu vegna verkfæra. Hann mótmælir henni sem vanreifaðri, enda styðji hana engin gögn. Hún sé einnig röng. Um hana sé enginn samningur.

*Málun á vinnuskúr.* Stefndi kannast ekki við að hafa falið stefnanda að mála fyrir sig vinnuskúr, enda hafi verksvið hans einungis verið sandblástur og verksamningur þeirra á milli einungis um hann.

*Málun á IÖ-421.* Stefndi kannast ekki við að hafa falið stefnanda að mála fyrir sig bílinn IÖ-421, enda eigi hann ekki bílinn, heldur bróðir stefnanda. Stefndi mótmælir kröfunni sem rangri og vanreifaðri. Um hana séu engin gögn lögð fram.

*Málun á lyftubíl.* Stefndi kannast ekki við þetta verk. Enginn samningur sé milli aðila um það, og engin gögn hafi verið lögð fram um það. Krafan sé röng og óreifuð.

Í greinargerð stefndu Vilhjálms Húnfjörð og þrotabús hans segir, að stefnandi hafi horfið af verkstað 2. október [1994] án þess að þrifa eftir sig og án þess að verkþáttur hans væri gerður upp. Stefndi hafi orðið að þrifa eftir hann og hafi gert honum reikning fyrir það á grundvelli ÍST-30. Jafnframt hafi hann með símskeyti tilkynnt stefnanda, að hann myndi halda eftir af síðustu greiðslu til hans vegna krafna, sem hann kynni að eiga á hendur stefnanda vegna verksins. Á þeim tíma hefði stefndi Vilhjálmur ekki verið búinn að fá lokauppgjör frá verkkaupa, stefndu Vegagerðinni. Hinn 27. október 1994 hafi stefnandi kyrrsett inneign stefnda Vilhjálms hjá Vega-gerðinni til tryggingar eftirstöðvum greiðslna vegna verksamningsins, og síðan hafi hann höfðað staðfestingarmál fyrir héraðsdómi. Á undan hafi stefndi greitt mismuninn á eftirstöðvum verksamningsgreiðslunnar og reikningsins fyrir þriffin og þá talið aðila kvitta.

Meðan á meðferð málsins stóð [19. janúar 1995, sjá síðar], hafi verið haldinn sáttafundur aðila á skrifstofu lögmanns stefnanda. Á þeim fundi hafi stefnda í fyrsta sinn verið sýndur reikningur, dagsettur 8. nóvember 1994, að fjárhæð 1.148.327 kr. Þeim reikningi hafi stefndi með öllu hafnað, og hafi sáttaumleitanið farið út um þúfur. Dómur í staðfestingarmálinu, nr. E-1658/1994, hafi verið kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness 30. mars 1995. Skuldajafnaðarkröfu stefnda vegna þrífanna hafi þar verið hafnað vegna

ónógrar sönnunar og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda sömu fjárhæð, en málskostnaður hafi verið felldur niður.

Stefndi kveðst nú hafa talið, að skiptum aðila væri lokið vegna áður- nefnds verksamnings, nema hvað hann ætti sjálfur eftir að höfða mál á hendur stefnanda vegna þrifanna. Sú hafi þó ekki orðið raunin. Skömmu áður en stefndi Vilhjálmur átti að fá greiðslu frá stefnda Vegagerðinni, að fjárhæð 1.814.217 kr., hafi sú fjárhæð verið kyrrsett til tryggingar kröfu, að fjárhæð 7.265.390 kr., sem stefnandi hafi talið sig eiga á hendur stefnda vegna áður- nefnds verksamnings, sem stefndi hafi verið búinn að greiða að fullu.

Um málsástæður og lagarök segir í greinargerð stefndu Vilhjalms Hún- fjörð og þrotabús hans, að stefndi reisi sýknukröfu sína á því, að hann skuldi stefnanda ekkert. Með dómi í málinu nr. E-1658/1994 fyrir Héraðs- dómi Reykjaness hafi lokið uppgjöri milli aðila vegna áður- nefnds verk- samnings. Á fundi hjá lögmanni stefnanda 19. janúar 1995 hafi stefnda fyrst verið sýndur reikningur, að fjárhæð 1.148.327 kr. Stefndi hafi þá hafnað honum með öllu. Rangt sé það, sem í stefnu segir, að reikningur sá hafi ekki sætt andmælum, hvorki efnislega né tölulega.

Í greinargerðinni eru síðan höfð uppi andmæli við tvo liði þeirrar sundur- liðunar, sem fylgdi reikningnum:

*Aukasandblástur á hengibrú milli stöpla.* Stefndi kannast ekki við, að þetta verk hafi verið unnið eða að hann hafi beðið um þetta aukaverk né heldur nokkur fulltrúi verkkaupa. Hann hafnar kröfunni.

*Sóttur vinnuskúr.* Stefndi neitar að hafa beðið stefnanda að flytja fyrir sig vinnuskúr, segir í greinargerðinni, enda eigi hann engan slíkan. Krafan sé röng og óreifud.

Þessu næst er í greinargerðinni fjallað um dómkröfu stefnanda, reikning, að fjárhæð 6.117.063 kr., vegna breytinga frá útboðsgögnum, sbr. kröfu- bréf frá 19. desember 1994. Stefndi heldur því fram, að með dómi í mál- inu nr. E-1658/1994 hafi verið lokið kröfum milli aðila vegna verksamnings þeirra [þ. e. stefnanda og stefnda Vilhjalms]. Þá bendir stefndi á, að fram hafi verið lögð sem dskj. greinargerð Baldvins Einarssonar verk- fræðings f. h. stefnda Vegagerðarinnar. Þar sé að finna svör stefnda Vega- gerðarinnar við kröfum stefnanda. Þeim sé flestum hafnað. Lítils háttar bætur hafi verið samþykktar, og af þeim beri stefnanda 520.366 kr. vegna loftpressu og sílós. Frá þeirri fjárhæð dragist dagsektir, að fjárhæð 498.633 kr., og séu þær einungis vegna verka stefnanda. Engin krafa sé því til, þegar tekið sé tillit til miskabótakröfu í málinu, sem sé margfalt hærri en mismun- urinn.

Benda megi á, að öllum kröfum stefnanda um að halda áfram verkinu 1995 hafi verið hafnað vegna seinangangs stefnanda, sem valdið hafi dagsektum og stefnda álitshnekki.

Pá segir í greinargerðinni, að málsástæður fyrir varakröfu séu hinar sömu og fyrir aðalkröfu.

Um kröfulið 3 segir í greinargerðinni, að ekki sé annað unnt en fella kyrrsetninguna úr gildi, þar sem stefnandi eigi enga kröfu á hendur stefnda.

Um kröfulið 4, miskabótakröfu, segir, að stefndi hafi orðið fyrir miklum miska og lánstraustspjöllum vegna kyrrsetningarinnar. Kyrrsett hafi verið innstæða, sem hann hafi átt hjá stórum viðskiptaaðila, Vegagerðinni, og geti þessi ólöglega kyrrsetning valdið því, að gengið verði fram hjá stefnda við gerð verksamninga.

Um málskostnaðarkröfu bendir stefndi á, að sá, sem tapi máli í öllu verulegu, skuli greiða gagnaðila málskostnað.

Í greinargerðinni er dráttarvaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt. Um kröfu um dráttarvexti af 1.148.327 kr. frá 8. nóvember 1994 segir, að hún sé ekki í samræmi við áskilnað í reikningnum sjálfum né heldur við vaxtalög nr. 25/1987. Samkvæmt þeim lögum sé heimilt að reikna dráttarvexti mánuð eftir framvísun reiknings. Sömu rök eigi við um kröfu um dráttarvexti frá 28. mars 1995 af fjárhæðinni 6.117.063 kr., en sá dagur sé einmitt dagsetning reiknings.

Stefndi vísar til íslenskra staðla máli sínu til stuðnings; einnig til laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann. Um miskabætur vísar hann til laga nr. 31/1990 og skaðabótalaga nr. 50/1993, 26. gr. Um málskostnað vísar stefndi til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

Í greinargerð stefnda Vegagerðarinnar segir lögmaður hans svo í kafla, sem ber yfirskriftina Málsástæður, önnur atvik og lagarök:

„Í máli þessu krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða sér 6.117.063 kr. vegna tafa og aukaverka við framkvæmd verksins „Brú á Ölfusá – Ryðhreinsun og málun“. Ekki verður séð, hvers vegna stefnandi beinir kröfum sínum að stefnda vegamálastjóra f. h. Vegagerðarinnar, þar sem ekkert samskiptasamband var eða er þeirra á milli og auk þess fullt samkomulag um þessar kröfur milli aðalverktaka, fyrir sína hönd og undirverktaka, og verkkaupa Vegagerðarinnar á fundi, sem haldinn var 30. 12. 1994. Ég vísa því kröfum stefnanda eindregið á bug.

Málavextir eru þeir, að 7. júní 1994 var skrifað undir verksamning við Vilhjálm Húnfjörð um verkið „Brú á Ölfusá – Ryðhreinsun og málun“, sbr. verksamning ... [vísað í dskj.]. Nánar tiltekið átti verktaki að hreinsa og

mála allt stálvirki brúar á Ölfusá hjá Selfossi í samræmi við útboðsgögn og ljúka verki að fullu eigi síðar en 1. september 1994, sbr. útboðslýsingu ... [vísað í dskj.]. Heildarfjárhæð samnings var 17.780.300 kr.

Vinna við verkið hófst ekki fyrir en 22. júní 1994, þótt brýnt hefði verið að hefja verkið fyrir vegna þröngra tímamarka, en verktaka var tilkynnt á fundi 27. maí, að hann fengi verkið að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Var á það lögð þung áhersla á fyrsta verkfundi, sem haldinn var 15. júní, að verkið hæfist sem fyrst ... [vísað í dskj., verkfundargerð], m. a. vegna þess, að verktaka bar skv. útboðsgögnum að ljúka vinnu við efri hluta brúar fyrir 1. júlí. Á þessum sama verkfundi tilkynnti aðalverktaki, Vilhjálmur Húnfjörð, að undirverktaki í sandblæstri yrði Sandtak. Voru ekki við það gerðar athugasemdir af hálfu verkkaupa, Vegagerðarinnar.

Eftir að verkið hófst, gekk það ekki sem skyldi. Tafir urðu af ýmsum ástæðum, og þegar líða tók á haust, varð ljóst, að því yrði ekki lokið árið 1994. Varð síðan að samkomulagi með verktaka og verkkaupa að fresta verkinu frá 18. október 1994 til 1. maí 1995, sbr. ... [hér er vitnað til dóm-skjala].

Ágreiningur reis með verktaka og verkkaupa um bætur vegna ætlaðra galla á útboðslýsingu og vegna frestunar á framkvæmd verksins. Setti verktaki vegna þessa fram kröfur vegna ýmissa atriða, en ekki var fallist á af hálfu verkkaupa að ræða bætur nema vegna eldhúðar á hnúðum [svo í grg., rétt myndi vera hnoðum] og vegna ákvarðana verkkaupa um að banna vinnu á nóttunni eftir 7. júlí vegna ónæðis. Verkkaupi bauð bætur vegna þessara atriða, 700.000 kr., fyrir viðbótarvinnu vegna eldhúðar, sem greidd var í uppgjöri nr. 7 [skv. fram lögðu dskj. 27. sept. 1994] og 1.312.850 kr. vegna ákvörðunar verkkaupa um bann við næturvinnu, samtals 2.012.850 kr., sbr. nánar greinargerð Baldvins Einarssonar, dags. 12. 12. 1994 ... [vísað í dskj.].

Verktaki vildi ekki setta sig við þessa niðurstöðu, og á fundi 30. 12. 1994 urðu verkkaupi og verktaki ásáttir um, að heildarbætur skyldu verða 3.012.063 kr., þ. e. 1.000.000 krónum hærri en áður hafði verið boðið, sbr. viðbót við greinargerð, dags. 13. 2. 1995. ... [Hér er vísað til viðbótar við fyrrnefnda greinargerð Baldvins Einarssonar verkfræðings, sem lögð var fram sem dskj.] Staðfesti verktaki þessa niðurstöðu með bréfi, dags. 13. mars 1995, sbr. og fund 17. 3. 1995, ... “ Hér er vísað til dómskjala, þ. á m. reiknings, að fjárhæð 1.814.217 kr., sem sagt er, að stefnda Vegagerðin hafi útbúið í samræmi við nefnda niðurstöðu. Sá reikningur hafi ekki verið greiddur vegna kyrrsetningar, en að öðru leyti sé að fullu lokið uppgjöri fyrir árið 1994 vegna verksins „Brú á Ölfusá – Ryðhreinsun og málun“.

Í greinargerð stefnda Vegagerðarinnar segir, að sýknukrafa hans sé í fyrsta lagi studd þeim rökum, að sýkna beri vegna aðildarskorts. Verksamningur um verkið „Brú á Ölfusá – Ryðhreinsun og málun“ hafi verið gerður við stefnda Vilhjálm Húnfjörð. Ekkert samningssamband hafi stofnast milli stefndu Vegagerðarinnar og stefnanda, en fyrirtæki hans, Sandtak, hafi verið viðurkennt sem undirverktaki hjá stefnda Vilhjálm. Slík viðurkenning breyti í engu samningsskyldum milli aðalverktaka og verkkaupa, sbr. gr. 12. 1. 1. í ÍST-30, sem sé hluti samningsgagna. En viðurkenningin stofni ekki samningssamband milli undirverktaka og verkkaupa, sbr. gr. 12. 4. í ÍST-30. Í upphafi verks hafi verið um það rætt, að til hagræðis myndi verkkaupi senda aðalverktaka og undirverktaka beint tilkynningar, fyrirmæli og fundargerðir varðandi verkið, enda eigi undirverktaki rétt á að fá slík gögn í hendur, sbr. gr. 34. 3. 3. í ÍST-30 [á að vera gr. 34. 2. 2., leiðrétt í málflutningi]. Þá hafi þótt eðlilegt, að undirverktaki sæti verkfundi þann tíma, sem á hans þætti í verkinu stóð, enda hafi borið að hafa við hann samráð um framvindu verksins, sbr. gr. 34. 3. 0. í ÍST-30. Engir fundir hafi verið haldnir, þar sem stefnandi kæmi eingöngu að máli, og engir samningar gerðir við fyrirtæki hans um breytingar eða viðbætur á verki. Eðlilegt sé, að starfsmenn stefnda Vegagerðarinnar og eftirlitsmaður ræði á verkstað við þá starfsmenn, sem þar eru staddir, um gang verks, en fráleitt sé að telja, að með því stofnist samningssamband þeirra á milli. Öll reikningsuppgjör vegna verksins . . . [vísað í dskj.] hafi verið frá stefnda Vilhjálm Húnfjörð, og honum hafi verið greitt, en því hafnað að greiða stefnanda beint.

Í öðru lagi, segir í greinargerð stefnda Vegagerðarinnar, er sýknukrafan studd þeim rökum, að samkomulag hafi verið gert 30. desember 1994 um fullnaðaruppgjör fyrir árið 1994 vegna umrædds verks, og því sé málatilbúnaður þessi tilefnislaus. Er í greinargerðinni í þessu sambandi vísað til fyrrnefndrar viðbótargreinargerðar Baldvins Einarssonar verkfræðings, dags. 13. febrúar 1995, og fram lagðs bréfs stefnda Vilhjálms Húnfjörð til stefnda Vegagerðarinnar, dags. 13. mars 1995. Á fundinum 30. desember hafi verið auk fulltrúa stefnda Vegagerðarinnar stefndi Vilhjálmur Húnfjörð og fulltrúar undirverktaka, Einar Einarsson og Þórarinn Magnússon. Allir viðstaddir hafi verið sáttir við niðurstöðuna, og raunar hafi tæknilegur ráðgjafi stefnanda [þ. e. Þórarinn Magnússon verkfræðingur] sett fram þá sáttatillögu, sem stefndu hafi samþykkt. Þetta sé staðfest í greinargerð stefnanda, og því sé óskiljanlegt, hvers vegna mál þetta sé höfðað á hendur stefnda Vegagerðinni. Er þess krafist, að til þessa verði tekið tillit, þegar málskostnaður verður ákveðinn.

Í viðbót við rökstuðning fyrir varakröfu er í greinargerð stefnda Vegagerðarinnar vísað til greinargerðar Baldvins Einarssonar verkfræðings, dags. 12. desember 1994.

Til stuðnings kröfum stefnda Vegagerðarinnar er vísað til ákvæða samningalaga nr. 7/1936, almennra reglna samningaréttar og verktakaréttar, viðskiptavenju í verksamningum og íslensks staðals, ÍST-30, með sérskilmálum Vegagerðarinnar.

Greinargerð Baldvins Einarssonar verkfræðings og samkomulag um bæt-  
ur.

Frammi liggur í málinu greinargerð Baldvins Einarssonar verkfræðings, starfsmanns stefnda Vegagerðarinnar, dagsett 12. desember 1994, og hefur verið til hennar vitnað hér að framan. Þar er ýtarlega fjallað um kröfur verktaka, stefnda Vilhjálms Húnfjörð og stefnanda, á hendur stefnda Vegagerðinni vegna frávika frá útboðsgögnum. Þar segir í upphafi:

„Kröfurnar eru í nokkrum liðum. Í fyrsta lagi er krafa vegna eldhúðar á hnoðum í grind hengibrúarinnar, sem ekki er getið um í útboðslýsingu. Í öðru lagi er krafa vegna ákvarðana verkkaupa á verktíma, þar sem vinnutími verktaka var takmarkaður umfram þau ákvæði, sem er að finna í útboðslýsingu. Í þriðja lagi eru ýmsar kröfur verktaka, t. d. vegna aukinna merkinga og skiltagerðar, aukningar málningarvinnu, og kröfur vegna þess hluta verksins, sem frestað var til næsta árs. Loks gerir verktaki kröfu um, að felldar verði niður allar dagsektir fram að 1. 6. 1995.“

Í greinargerðinni fjallar verkfræðingurinn síðan um hverja kröfu fyrir sig. Niðurstöður hans eru á þessa leið:

1. Krafa vegna eldhúðar á hnoðum. Verkfræðingurinn kemst að þeirri niðurstöðu, að verktaki hefi fengið greiddar 477.510 krónum meira fyrir sandblástur grindar en hann hefði fengið, ef hann hefði unnið verkið í heild í reikningsvinnu. „Niðurstaða: Frekari kröfum verktaka vegna ryðhrensunar grindar er hafnað.“

2. Krafa vegna ákvarðana verkkaupa á verktíma. „Niðurstaða: Verkaupi telur rétt að bæta verktaka tjón vegna ákvarðana verkkaupa. Verkaupi telur hins vegar, að verktaki hafi staðið þannig að verki, að hann hafi bakað sjálfum sér og verkkaupa tjón. Það tjón telur verkkaupi sér ekki skylt að bæta. Verkaupi telur eðlilegar bætur vegna ákvarðana sinna:

1. Framlenging verktíma um 20 daga, þ. e. til 20. 9. 1994.
2. Kostnaður verktaka við leigu á tækjum, til að hann hefði getað ryðhrensað með tveimur sandblásturstækjum.

Áætlaður kostnaður verktaka vegna leigu á búnaði:

Loftpressa og síló	1900 kr./klst.
Körfulyfta	1600 “
10% umsjón	350 “
	<hr/>
Samtals	3850 kr./klst.

Áætlaður leigutími:

Efri hluti brúar	13 nætur
Grind hengibrúar	12 dagar
Landbrú	6 dagar
	<hr/>
Samtals	31 dagar

Bætur skv. lið 2: 31 dagur × 11 klst./dag × 3850 kr./klst. = 1.312.850 kr.“

3. Krafa vegna aukinna merkinga og skiltagerðar. „Niðurstaða: Kröfu verktaka er hafnað.“

4. Krafa vegna aukinnar málningarvinnu. „Niðurstaða: Kröfu verktaka er hafnað.“

5. Krafa vegna aðstöðusköpunar á næsta ári. „Niðurstaða: Kröfu verktaka er hafnað.“

6. Krafa vegna endurtekens háþrýstipvotts á næsta ári. „Niðurstaða: Kröfu verktaka er hafnað.“

7. Krafa verktaka um niðurfellingu dagsekta: „Niðurstaða: Verkkaupi telur, að nægilegt tillit hafi verið tekið til tafa í verkinu með því að fresta töku dagsekta um 20 daga.“

Fram lögð viðbót við greinargerð þessa er dagsett 13. febrúar 1995. Þar segir í upphafi: „Í framhaldi af athugasemdum verktaka frá 19. 12. 1994 við greinargerð verkkaupa frá 12. 12. og fundi aðila 30. 12. 1994 hefur verkkaupi fallist á að bæta að hluta það tjón, sem verktaki varð fyrir vegna flutnings á vinnu við efri hluta brúarinnar frá júní aftur til september.“ Og í lok viðbótargreinargerðarinnar segir: „Á fundi 30. 12. 1994 urðu verkkaupi og verktaki ásáttir um, að bætur fyrir tjón verktaka skulu vera 1.000.000 kr. – ein milljón. Upphæðin er til viðbótar áður samþykktum kröfum verktaka, 2.012.063 kr. Frá þessari upphæð dragast dagsektir frá og með 21. 9. 1994 til 18. 10. 1994, þegar verki var frestað til vors. Upphæð dagsekta er 0,2% af sammingsupphæð á dag eða 997.276 kr. fyrir tímabilið.“

Frammi liggur og bréf stefnda Vilhjálms Húnfjörð til stefnda Vegagerðarinnar, dags. 13. mars 1995, þar sem verktaki fer fram á, að verkkaupi felli niður dagsektir.

Enn fremur liggur frammi fundargerð, sem dagsett er 17. mars 1995. Var hann haldinn hjá stefnda Vegagerðinni. Á honum voru stefndi Vilhjálmur

Húnfjörð, Baldvin Einarsson verkfræðingur frá stefnda Vegagerðinni og Pétur Sigurðsson verkfræðingur, eftirlitsmaður með verkinu. Í fundargerð er skráð: „Verkkaupi fellst á að fella niður helming dagsekta á grundvelli erfiðleika við málun sl. haust. En þar sem verki er ekki lokið og verktaki tók ekki tillit til ábendinga í orðsendingu nr. 3 sl. sumar um það, að verk gengi hægt, getur verkkaupi ekki fallist á meiri niðurfellingu dagsekta.“

Skýrslur fyrir dómi gáfu stefnandi, Einar Einarsson, stefndi Vilhjálmur Húnfjörð Vilhjálmsson og þessi vitni: Þórarinn Magnússon byggingaverkfræðingur, tæknilegur ráðgjafi stefnanda, Pétur Sigurðsson efnafræðingur, eftirlitsmaður með ryðhreinsun og málun Ölfusárbrúar, Baldvin Einarsson verkfræðingur, starfsmaður stefnda Vegagerðarinnar, og Steingrímur Ingvarsson, umdæmisverkfræðingur stefnda Vegagerðarinnar.

#### *Forsendur og niðurstöður.*

##### 1. Um aðild stefnda Vegagerðarinnar.

Meðal útboðsgagna við útboð verksins „Brú á Ölfusá – Ryðhreinsun og málun“ er tilkynning um útboð, sem lögð hefur verið fram í málinu. Þar segir, að um verkið gildi almennir útboðs- og samningsskilmálar ÍST-30 með sérskilmálum Vegagerðar ríkisins frá 1990 – 06 – 01. Staðall þessi liggur frammi í málinu.

Í nefndum staðli segir í gr. 12. 1. 1.: „Verktaki má fela undirverktaka að vinna einstaka hluta verks, þar sem venja er til þess, en engu breytir þar um ábyrgð hans á samningsskyldum gagnvart verkkaupa. Verktaki skal leita viðurkenningar, fá viðurkenningu verkkaupa á undirverktaka.“

Í gr. 12. 4. segir: „Undirverktaki getur ekki gert neins konar samning um verkið við verkkaupa. Öll fyrirmæli eða óskir frá verkkaupa um breytingar á verkinu skulu fara um hendur aðalverktaka.“

Í gr. 34. 2. 2. í staðlinum er skráð: „Allar tilkynningar og fyrirmæli, sem verktaki gefur aðalverktaka og áhrif kunna að hafa á verk undirverktaka, t. d. fundargerðir verkfunda, skal aðalverktaki jafnóðum senda undirverktaka.“

Og enn segir í gr. 34. 3.: „Undirverktaki er því aðeins bundinn af samningi eða samkomulagi, sem aðalverktaki hefur gert við verkkaupa að samráð hafi verið haft við undirverktakann.“

Það er álit dómenda, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að í samskiptum aðila þessa máls, verkkaupa, aðalverktaka og undirverktaka, hafi eitthvað það gerst, sem breytt gæti þeirri stöðu stefnda Vegagerðarinnar gagnvart stefnda Vilhjálmi Húnfjörð eða stefnanda, sem lýst er í ofanskráðum greinum staðalsins. Verður að telja, að ákvæði þessara greina lýsi föstum venjum í framkvæmd verksamninga. Þess ber og að geta, að meðal samningsgagna

stefnanda og stefnda Vilhjálms Húnfjörð við gerð undirverksamnings var útbodslýsing stefnda Vegagerðarinnar, þar sem ÍST 30 með sérskilmálum Vegagerðarinnar var lagður til grundvallar. Samkvæmt þessu verður á það fallist með stefnda Vegagerðinni, að milli hans og stefnanda sé ekki samningssamband og stefnandi eigi ekki rétt á að beina að stefnda kröfum í máli þessu. Beri því að sýkna stefnda Vegagerðina sökum aðildarskorts.

2. Um stefnukröfu, að fjárhæð 1.148.327 kr.

Í verksamningi stefnanda og stefnda Vilhjálms Húnfjörð segir í 6. gr.: „Verkkaupi leggur til og greiðir kostnað við allan þann lyftubúnað, sem nauðsynlegur er að mati verktaka, til að verktakinn geti unnið verkið á sem hagkvæmastan hátt.“

Með reikningi stefnanda á hendur stefnda Vilhjálmi Húnfjörð, dags. 8. nóvember 1994, fylgja engin gögn önnur en sundurliðun reikningsins. Ósannað er, að stefnandi hafi haldið kröfum samkvæmt sundurliðuninni upp á stefnda, þegar er ástæða var til, og raunar er ósannað gegn mótmælum stefnda, að hann hafi séð reikninginn fyrir en 19. janúar 1995.

Upplýst er við skýrslutökur í málinu, að stefndi Vilhjálmur lagði stefnanda til lyftubúnað, en einnig, að stefnandi lagði sjálfur til lyftubíl, sem stefndi Vilhjálmur hafði einhver not af. Það er mat dómenda, að rétt sé að dæma stefnanda endurgjald fyrir notkun stefnda Vilhjálms Húnfjörð á lyftubíl þessum, sem svari til 20 daga notkunar á verðinu 10.000 kr. á dag, samtals 200.000 kr. Í aðilaskýrslu sinni fyrir dóminum viðurkenndi stefndi Vilhjálmur Húnfjörð síðasta liðinn í sundurliðun með reikningnum, 15.874 kr., vegna flutnings á vinnuskúr. Verður sú fjárhæð dæmd stefnanda. Á aðra kröfuliði samkvæmt sundurliðun með reikningi verður ekki fallist gegn mótmælum stefnda, enda eru þeir vanreifadír.

Sem fyrir greinir, ber að miða við, að stefndi Vilhjálmur hafi ekki fyrir en 19. janúar 1995 fengið vitneskju um reikninginn, sem dagsettur er 8. nóvember 1994. Samkvæmt 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, 3. mgr. (sbr. 4. gr. laga nr. 67/1989), verða stefnanda dæmdir dráttarvextir af tilgreindri fjárhæð, 215.874 kr., frá 19. febrúar 1995.

3. Stefnukrafa, að fjárhæð 6.117.063 kr.

Á fundi aðila máls 30. desember 1994 varð samkomulag um það með stefnda Vegagerðinni og stefnda Vilhjálmi Húnfjörð, að bætur verkkaupa til verktaka vegna ákvörðunar verkkaupa um bann við næturvinnu skyldu vera samtals 2.312.850 kr. Áður hafði stefndi Vegagerðin greitt 700.000 kr. vegna eldhúðar á hnoðum, og runnu þær til stefnanda. Er ekki annað að sjá af gögnum máls en stefnandi hafi tekið við þeirri fjárhæð án fyrirvara. Upplýst er, að um heildarbætur samdist á fundinum 30. desember fyrir tilstilli

fulltrúa stefnanda. Af greinargerð stefnda Vilhjálms Húnfjörð og öðrum gögnum máls verður ekki séð, að stefndi Vilhjálmur hafi hugsað sér að greiða stefnanda neitt af bótafjárhæðinni að 700.000 kr. frádregnum, þ. e. af 2.312.850 kr. Frá þeirri fjárhæð vildi stefndi Vegagerðin draga dagsektir, 997.276 kr., en fyrir beiðni stefnda Vilhjálms Húnfjörð lækkaði hún þá frádráttarfjárhæð um helming, niður í 498.638 kr. Eftir stendur þá, að stefndi Vegagerðin hafði samþykkt að greiða aðalverktaka, stefnda Vilhjálmi Húnfjörð, 2.312.850 kr. – 498.638, og féllst hinn síðarnefndi á þessa niðurstöðu. Einnig er upplýst, að bótaliðurinn var til kominn með samþykki stefnanda.

Dómendum þykir fullljóst, að bótafjárhæð sú, sem hér um ræðir, er til komin vegna þeirra tafa, sem urðu á verkþætti stefnanda, sökum þess að stefndi Vegagerðin bannaði að vinna verkið að nóttu. Þá er og á það að líta, að boð stefnda Vegagerðarinnar um bætur er til komið vegna fyrirvara og krafna stefnanda um bætur, en stefndi Vilhjálmur Húnfjörð hafði ekki uppi um þetta fyrirvara eða kröfur, hvorki bréfluga né á verkfundum. Af þessu leiðir, að dómendur telja rétt, að bótafjárhæð renni til stefnanda.

Á sáttafundum 30. desember 1994 komu dagsektir ekki til umræðu, að því er séð verður. Ekki verður ráðið af gögnum máls, að stefndi Vilhjálmur Húnfjörð hafi sem aðalverktaki kvartað við stefnanda sem undirverktaka um seinagang verks eða varað hann við dagsektum. Þrátt fyrir það að stefnandi hafi verið með í ráðum um bætur frá stefnda Vegagerðinni, síðast á fundinum 30. desember 1994, samdi stefndi Vilhjálmur Húnfjörð einn að lokum um dagsektir við stefnda Vegagerðina. Að þessu athuguðu og einnig því, að stefnandi hafði með höndum meginhluta verksins „Brú á Ölfusá – Ryðhreinsun og málun“, telja dómendur rétt, að dagsektir komi jafnt á aðalverktaka og undirverktaka, 249.319 kr. á hvorn aðila.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið ritað, verða stefnanda í þessum málsþætti dæmdar 2.312.850 kr. – 249.319 kr. = 2.063.531 kr.

Stefnandi krefst dráttarvaxta frá 28. mars 1995, en það er dagsetning reiknings, að fjárhæð 6.117.063 kr. Samkvæmt 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, 3. mgr. (sbr. 4. gr. laga nr. 67/1989), verða stefnanda dæmdir dráttarvextir af dæmdri fjárhæð frá 28. apríl 1995.

4. Um kröfugerð stefnanda samkvæmt 3. mgr. 23. gr. einkamálalaga nr. 91/1991.

Stefnandi beinir kröfum sínum gegn þrotabúi stefnda Vilhjálms Húnfjörð og þrotamanni. Samkvæmt lokamálslið ofangreindrar lagagreinar er honum það heimilt. Stefndi Vilhjálmur verður dæmdur til að greiða stefnanda ofangreindar fjárhæðir með tilgreindum vöxtum.

Það leiðir af reglum gjaldþrotaskiptalaga um kröfugerð í þrotabú og

meðferð slíkrar kröfu, að ekki verður kveðinn upp aðfararhæfur dómur á hendur stefnda þrotabúi Vilhjálms Húnfjörð. Verður því í dómsorði kveðið á um, að dómurinn á hendur stefnda Vilhjálmi Húnfjörð sé bindandi fyrir þrotabú hans.

5. Um kyrrsetningu á greiðslu, að fjárhæð 1.814.217 kr., 29. mars 1995.

Í 138. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. segir: „Kyrrsetning í eign þrotamannsins fellur sjálfkrafa niður við uppkvaðningu úrskurðar um töku bús hans til gjaldþrotaskipta, ef eignin rennur til þrotabúsins.“

Við aðalmeðferð málsins var bókað eftir lögmanni stefnanda, „að krafan um staðfestingu kyrrsetningar sé höfð uppi, þar sem ákvæði 138. gr. gjaldþrotalaga eigi ekki við, þar sem greiðslan, sem kyrrsett var, eigi ekki að renna til þrotabúsins“. Einnig var bókað eftir lögmanni stefnda þrotabús Vilhjálms Húnfjörð, að hann teldi, að kyrrsetningin ætti að falla niður samkvæmt 138. gr. gjaldþrotalaga.

Ekki var samningssamband milli stefnanda og stefnda Vegagerðarinnar. Hin kyrrsetta greiðsla var vegna kröfu, sem stefndi Vilhjálmur Húnfjörð átti á hendur stefnda Vegagerðinni, enda var kyrrsetningin gerð í greiðslunni sem hans eign. Greiðslan á því að renna til þrotabúsins, og verður ekki fallist á röksemd stefnanda fyrir staðfestingu kyrrsetningar. Verður í dómsorði kveðið á um, að kyrrsetningin hafi úr gildi fallið við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðarins 21. júlí 1995.

6. Um miskabótakröfu.

Stefnandi átti fjákröfur á hendur stefnda Vilhjálmi Húnfjörð. Kyrrsetningin var því ekki ófyrirsynju. Miskabótakröfu stefnda Vilhjálms Húnfjörð og þrotabús hans, sem höfð er uppi til skuldajafnaðar, ber því að hafna.

7. Um málskostnað.

Samkvæmt úrslitum máls þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda Vegagerðinni málskostnað. Þykir dómendum hann vera hæfilegur 100.000 kr. Rétt er og, að stefndi Vilhjálmur Húnfjörð verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar og að sú niðurstaða verði bindandi fyrir þrotabú hans. Þykir málskostnaður þessi eftir atvikum hæfilega ákveðinn 200.000 kr. auk virðisaukaskatts. Stefnandi á rétt á dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð, svo sem hann krefst.

Dóm þennan kveða upp Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari, dómsformaður, og meðdómendurnir Freyr Jóhannesson byggingatæknifræðingur og Stanley Pálsson byggingaverkfræðingur.

## D ó m s o r ð:

Stefndi Vegagerðin á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Einarssonar, vegna einkafyrirtækis hans, Sandtaks, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Vegagerðinni 100.000 kr. í málskostnað.

Stefndi Vilhjálmur Húnfjörð Vilhjálmsson greiði stefnanda 2.279.405 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, af 215.874 kr. frá 19. febrúar 1995 til 28. apríl 1995, en af 2.279.405 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi Vilhjálmur Húnfjörð greiði stefnanda 200.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Dómur þessi á hendur stefnda Vilhjálmi Húnfjörð er bindandi fyrir stefnda þrotabú hans.

Kyrrsetning, gerð af sýslumanninum í Kópavogi 29. mars 1995, á greiðslu til stefnda Vilhjálms Húnfjörð, að fjárhæð 1.814.217 kr., féll úr gildi, er bú stefnda var tekið til gjaldþrotaskipta með dómsúrskurði 21. júlí 1995.

---